



Tilkynning um kæru - mál nr. 32024 Bergþórugata 33

Búið til	11.1.2024 16:10:47
Höfundur	Anna María Arnardóttir
Móttekið dags.	11.1.2024 15:56:47
Tilheyrir	USK24010123 - Bergþórugata 33 - - Kæra nr 3/2024

Efni

Tilkynning um kæru - mál nr. 32024 Bergþórugata 33

Upplýsingar

Vinnsla

Móttekið dags.	11.1.2024 15:56:47	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalýkill	00.14.02 Kæurur og dómsmál		
Lykilorð	kæurur		

Þátttakendur

Frá	Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA (uua@uua.is)
Til	usk@reykjavik.is
Cc	

Innihald

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnslukæru, móttekin 5. janúar 2024, ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er "ákvörðun umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar vegna umferðarréttar íbúa hússins að Bergþórugötu 33 um stíg sem liggur meðfram húsinu."

Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða og er stjórnvaldi jafnframt gefið kostur á að skila umsögn í málinu innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkynningar, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Varði hin kærða ákvörðun hagsmuni þriðja aðila er óskað upplýsinga, þ. á m. netfang og/eða símanúmer, um viðkomandi sem allra fyrst.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju,

Unnþór Jónsson, lögfræðingur
Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 575 8710
www.uua.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21, Höfðaborg
105 Reykjavík

Efni: Kæra á ákvörðun umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar – beiðni um frest.

Til mín hefur leitað Stefanía Guðjónsdóttir, [REDACTED], eigandi fasteignar að Bergþórugötu 33, 101 Reykjavík og óskað aðstoðar minnar við kæru á ákvörðun umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar vegna umferðarréttar íbúa hússins að Bergþórugötu 33 um stíg sem liggur meðfram húsinu.

Ákvörðun umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er hér með kærð og óskað frests til að skila greinargerð í málinu.

Reykjavík 5. janúar 2024

Virðingarfyllst,



Helga Vala Helgadóttir
Lögmaður

Meðfylgjandi gögn:

1. Afstaða (ákvörðun) umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 7. desember 2023
2. Umboð til lögmanns.



Árið 2024, miðvikudaginn 6. mars, kom úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála saman til fundar í húsnæði nefndarinnar að Borgartúni 21, Reykjavík. Mættir voru Arnór Snæbjörnsson formaður, Ómar Stefánsson varaformaður og Þorsteinn Þorsteinsson byggingarverkfræðingur.

Fyrir var tekið mál nr. 3/2024, kæra á ákvörðun umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar frá 7. desember 2023 um að hafna kröfu um að skilti við enda göngustígs milli Bergþórugötu 31 og 33 verði fjarlægð sem og merking um bílastæði við enda stígsins.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Með bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 5. janúar 2024, er barst nefndinni sama dag, kærir Stefanía Guðjónsdóttir, eigandi fasteignar að Bergþórugötu 33, þá ákvörðun umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar frá 7. desember 2023 að hafna kröfu um að skilti og merking fyrir bílastæði við enda göngustígs milli Bergþórugötu 31 og 33 verði fjarlægð. Er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi og að viðurkenndur verði skýr umferðarréttur um stíginn er liggi upp við hús kæranda.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Reykjavíkurborg 2. febrúar 2024.

Málavextir: Í bréfi til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, dags. 12. október 2023, fór kærandi fram á það fyrir hönd íbúa að Bergþórugötu 33 að skilti sem hafði verið reist við enda göngustígs milli Bergþórugötu 31 og 33 er liggur upp við gangstétt Bergþórugötu yrði fjarlægð sem og merking um bílastæði sem hafði verið máluð við enda stígsins. Í bréfinu kom fram að eigendur lóðar Bergþórugötu 33 hafi frá því húsið var reist árið 1929 haft umferðarrétt um stíginn sem sé þinglýstur samkvæmt lóðarleigusamningi frá 1. janúar 1930 en samningurinn hafi verið endurnýjaður árið 2006 til 75 ára.

Umhverfis- og skipulagssvið hafnaði kröfu kæranda með bréfi, dags. 7. desember 2023, á þeim grundvelli að umræddur stígur væri skilgreindur í deiliskipulagi sem „grænt svæði“ og því einungis ætlaður fyrir umferð gangandi og hjólandi vegfarenda.

Málsrök kæranda: Bent er á að lóðarhafar við Bergþórugötu 33 hafi, frá því húsið var reist árið 1929, haft umferðarrétt um stíg sem liggi milli húsa nr. 31 og 33 við Bergþórugötu. Umferðarrétturinn sé þinglýstur réttur íbúðareigenda við Bergþórugötu 33 samkvæmt lóðarleigusamningi sem gilt hafi frá 1. janúar 1930 og hafi verið endurnýjaður árið 2006 til 75 ára, eða til ársins 2081. Samkvæmt samningnum hafi eigendur lóðarinnar Bergþórugötu 33 einir rétt til umferðar um stíginn. Stígur sem liggi samsíða Bergþórugötu, milli hennar og Njálsgötu hafi verið kallaður Öskustígur á deiliskipulagi alla tíð og sé fjallað um hann sérstaklega í deiliskipulagi sem hafi verið samþykkt árið 2013. Um stíginn, sem kærandi eigi umferðarrétt um, segi í sama skipulagi: „Svæðið milli húsa nr. 31 og 33 við Bergþórugötu verði í deiliskipulaginu skilgreint sem „grænt svæði“. Það verður eftir sem áður gert ráð fyrir aðkomu að inngöngum húsanna sitt hvoru megin.“ Grundvallarmunur sé í deiliskipulagi á þessum

tveimur stígum auk þess sem þinglýstur umferðarréttur kæranda og annarra á Bergþórugötu 33 sé þannig ótvíræður umfram umferðarrétt annarra sem fari gangandi stíginn á milli húsanna.

Gangandi umferð hafi alla tíð átt sér stað milli húsanna við Bergþórugötu 31 og 33 og aldrei hafi verið girt fyrir slíka umferð. Sá réttur hafi hins vegar ekki verið þinglýstur umferðarréttur líkt og í tilviki kæranda og annarra eigenda lóðarinnar við Bergþórugötu 33 um rétt til umferðar ökutækis sem hafi verið lagt við húsið alla tíð. Eignarrétturinn sé ótvíræður samkvæmt þinglýstum samningi sem og hefðarrétti. Svokallaður umferðarréttur hafi í dómaframkvæmd ævinlega lotið að umferð ökutækja en ekki gangandi vegfarenda. Fjöldi dóma og úrskurða sýni það. Margsinnis hafi verið tekið fram í úrskurðum úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála að deiliskipulag geti ekki hróflað við eða ráðstafað eignarréttindum manna. Slíkur réttur verði ekki afnuminn án þess að almenningsþörf krefji og fullt verð komi fyrir, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Málsrök Reykjavíkurborgar: Vísað er til þess að þinglýstur umferðarréttur kæranda feli í sér rétt til umferðar yfir lóð í eigu annars aðila. Umferðarrétturinn feli ekki sjálfkrafa í sér réttindi til þess að aka bifreiðum yfir lóð annars enda sé orðið umferð ekki einungis bundið umferð ökutækja.

Kærandi telji að umferðarréttur heimili bein afnot af stígnum í formi einkaréttinda til lagningu bíla íbúa Bergþórugötu 33. Þessu sé hafnað enda hafi stígurinn aldrei verið skipulagður sem bílastæði. Orðalag deiliskipulags sé nokkuð skýrt varðandi það hvað felist í þinglýstum umferðarrétti íbúa Bergþórugötu 33, þ.e. að gert sé ráð fyrir aðkomu að inngöngum húsanna sitt hvoru megin. Borgin hafi skuldbundið sig til þess að loka ekki fyrir aðgengi og aðkomu íbúa Bergþórugötu 33 um hið „græna svæði“.

Það sé mat borgarinnar að rétt sé að banna umferð vélknúinna ökutækja um stíginn enda sé bannað að stöðva og leggja ökutækjum á stígnum, sem nú hafi verið skilgreindur í deiliskipulagi sem grænt svæði. Að sama skapi kveði deiliskipulag svæðisins á um að ekki sé gert ráð fyrir bílastæðum innan lóða og því ættu vélknúin ökutæki ekki erindi inn á stíginn.

Viðbótarathugasemdir kæranda: Óumdeilt sé að kærandi njóti umferðarréttar að fasteign sinni frá Bergþórugötu á grundvelli þinglýsts lóðarleigusamnings og sé sá umferðarréttur efnislega sá sami og eldri lóðarleigusamningur frá 1930 hafi kveðið á um. Kærandi og fyrri eigendur fasteignarinnar hafi nýtt umferðarréttinn með vélknúnu ökutæki í áratugi. Af athugasemdum Reykjavíkurborgar að dæma virðist sem borgin hafi tekið undir sjónarmið kæranda um að umferðarrétturinn hafi verið nýttur bæði til umferðar og til að leggja ökutækjum. Sé nýting kæranda og forvera hennar því óumdeild. Það virðist því sem Reykjavíkurborg hafi nýlega talið rétt að banna umferð vélknúinna ökutækja um stíginn. Þá hafi borgin gengið lengra og tiltaki að bannað sé að stöðva og leggja ökutækjum á stígnum sem hafi verið skilgreindur sem „grænt svæði“.

Niðurstaða: Mál þetta snýst um þá ákvörðun Reykjavíkurborgar að hafna kröfu kæranda um að fjarlægja skilti sem reist hafði verið við enda göngustígs milli Bergþórugötu 31 og 33 er liggur upp við gangstétt Bergþórugötu ásamt merkingu bílastæðis við enda stígsins. Telur kærandi umrætt skilti og merking bílastæðis ganga gegn umferðarrétti hennar um stíginn.

Bergþórugata telst til svonefndra sveitarfélagsvega og er Reykjavíkurborg veghaldari götunnar og ber sem slíkur ábyrgð á veginum og umferðaröryggi við hann, sbr. 9. gr. og 1. mgr. 13. gr. vegalaga nr. 80/2007. Þá kemur fram í 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 að veghaldari

skuli sjá um að umferðarmerki verði sett á eða við veg þar sem sérreglur gildi um umferð eða þörf sé á þeim til stjórnunar eða leiðbeiningar. Þá er tekið fram í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki að lögin taki ekki til vega eða annarra samgöngumannvirkja, að undanskildum umferðar- og göngubrúum í þéttbýli. Í greinargerð með frumvarpi til nefndra laga segir að rétt þyki að þau mannvirki sem 2. mgr. 2. gr. laganna taki til falli ekki undir lögin þar sem mannvirkin og eftirlit með þeim falli undir aðra löggjöf, svo sem vegalög.

Samkvæmt 8. tl. 3. gr. vegalaga er hugtakið vegur skilgreint sem: „Akbraut, sem er sá hluti vegar sem er fyrst og fremst ætlaður fyrir umferð ökutækja, öll önnur mannvirki og vegsvæði sem að staðaldri eru nauðsynleg til þess að vegur sé varanlegur, unnt sé að halda honum við og hafa af honum sem fyllst not.“ Tekur hugtakið vegur því til umferðarskilta, ljósastaura og annars eðlilegs og nauðsynlegs búnaðar sem stuðlar að auknu umferðaröryggi og tryggri notkun vega. Taka ákvæði vegalaga og umferðarlaga samkvæmt framansögðu til uppsetningar umdeilds skiltis og merkingu bílastæðis. Verða ákvarðanir samkvæmt nefndum lögum ekki bornar undir úrskurðarnefndina.

Bergþórugata 33 er á svæði þar sem í gildi er deiliskipulag Njálsgöturéits, staðgreinireitur 1.190.3., sem tók gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda 7. nóvember 2013. Í greinargerð deiliskipulagsins kemur fram að svæði milli húsa nr. 31 og 33 við Bergþórugötu verði í deiliskipulaginu skilgreint sem „grænt svæði“. Þar verði eftir sem áður gert ráð fyrir aðkomu að inngöngum húsanna sitt hvoru megin. Þá kemur fram í greinargerðinni að ekki sé gert ráð fyrir bílastæðum innan lóða. Á deiliskipulagsupprætti er merkt kvöð um gönguleið/aðgengi á umræddum stíg.

Í lóðarleigusamningi fyrir Bergþórugötu 33, sem þinglýst var 16. nóvember 2006, kemur fram að lóðin hafi rétt til umferðar um 3 m breiðan bakstíg á milli lóðanna við Bergþórugötu og Njálsgötu og um 6,3 m breiðan stíg frá Bergþórugötu og að þeim stíg. Er ekki fjallað nánar um inntak umferðarréttarins í samningnum. Ágreiningur er uppi í máli þessu um inntak umferðarréttar kæranda samkvæmt samningnum, en slíkur ágreiningur verður ekki til lykta leiddur fyrir úrskurðarnefndinni heldur eftir atvikum dómstólum.

Með vísan til þess sem að framan greinir verður kærumáli þessu vísað frá úrskurðarnefndinni.

Úrskurðarorð:

Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Arnór Snæbjörnsson (sign)

Ómar Stefánsson (sign)

Þorsteinn Þorsteinsson (sign)